



Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík: 13. Mars 2023
Tilvísun: 202303-0171

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um tekjuskatt, nr. 90/2003 með síðari breytingum (heimilishjálp). 164. Mál.

Óskað hefur verið eftir umsögn Alþýðusambands Íslands um 164. Mál, frumvarp til laga um breytingu á lögum um tekjuskatt. Málið felur í sér veitt verði heimild til skattalegs frádráttar vegna heimilishjálpar sem felur í sér að draga má fjárhæð að hámarki 1.800.000 kr. á ári frá tekjuskattsstofni einstaklings, þ.e. sem nemur að meðaltali 150.000 kr. á mánuði.

Alþýðusambandið leggst gegn því að málið nái fram að ganga. Verði frumvarpið að lögum mun það veita skattaafslátt til tekjuhæstu hópa samfélagsins umfram aðra ásamt því að auka flækjustig skattkerfisins. Ólíklegt er að það vinni gegn svartri atvinnustarfsemi.

Núverandi tekjuskattkerfi má rekja til upptöku staðgreiðslu skatta árið 1988. Eitt af einkennum tekjuskattkerfisins fyrir tíma staðgreiðslukerfisins var fjöldinn allur af undanþágum og frádráttarliðum. Við innleiðingu staðgreiðslukerfisins voru frádráttarliðir og undanþágur felldar niður en á móti var innleiddur skattafláttur í formi persónuafsláttar. Sá persónuafsláttur var í upphafi hafður hár m.a. vegna þeirra frádráttarliða sem voru til staðar í eldra kerfi. Þetta er vel kortlagt í skýrslu nefndar fjármála- og efnahagsráðuneytisins um tekjuskattkerfið frá 2019¹. Þær breytingar sem lagðar eru til í frumvarpinu yrðu afturhvarf til skattkerfisins fyrir staðgreiðslu.

Í greinargerð með frumvarpi er vísað til sambærilegs skattalegs frádráttar sem tekinn var upp í Svíþjóð árið 2007. Í dag er heimilt að draga frá 75.000 sænskar krónur frá tekjuskattstofni vegna þjónustu sem keypt er á heimilum (RUT-avdrag), þ.e. rúmlega milljón íslenskar krónur. Þessar skattbreytingar hafa síður en svo verið óumdeildar í Svíþjóð. Kostnaður vegna frádráttarins hefur meira en tvöfaldast frá árinu 2013, hann nýtist að langstærstu leyti á fáum þéttbýlisstöðum auk þess sem hann dreifist ójafnt yfir tekjudreifinguna. Um helmingur af skattaafslættinum hefur runnið til tekjuhæstu tíundarinnar². Að jafnaði fá einstaklingar með yfir 1 milljón sænskra króna í árstekjur alls 5.325 sænskar krónur í skattaafslátt.

¹ <https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2019/02/25/Skyrsla-um-endurskodun-tekjuskatts-og-botakerfa/>


² Sjá skýrslu LO í Svíþjóð,

[https://www.lo.se/home/lo/res.nsf/vRes/lo_fakta_1366027478784_rutavdraget_avskaffas_pdf/\\$File/rutavdraget_avskaffas.pdf](https://www.lo.se/home/lo/res.nsf/vRes/lo_fakta_1366027478784_rutavdraget_avskaffas_pdf/$File/rutavdraget_avskaffas.pdf)



Skattaafsláttur í SEK á einstakling

Eftir árstekjum



Heimild: LO í Svíþjóð

Ein af rökunum fyrir því að taka upp skattaafslátt í Svíþjóð vegna heimilishjálpar var að úrræðið myndi vinna gegn svartri atvinnustarfsemi og fjölgja störfum fyrir jaðarsetta hópa, t.d. flóttamenn. Í skýrslu LO er bent á að markmiðið hafi ekki gengið eftir. Svört atvinnustarfsemi hafi ekki dregist saman heldur lifi sjálfstætt meðfram vaxandi hvítri atvinnustarfsemi. Niðurstöður annarrar nýlegrar rannsóknar³ eru á sama veg, skattaafsláttur hafi ekki aukið atvinnu meðal jaðarsettra hópa.

Jafnframt er ástæða til að taka undir ábendingar Ríkissáttasemjara við sama mál sem flutt var á 151. Löggjafarþingi. Í umsögn RSK voru gerðar töliverðar athugasemdir við málið⁴.

f.h Alþýðusambands Íslands

Róbert Farestveit

Hagfræðingur

³ Sjá Rickne (2021), <https://sciendo.com/article/10.2478/izajolp-2021-0001>

⁴ <https://www.althingi.is/altext/erindi/151/151-845.pdf>

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

Reykjavík, 27.3.2023
Tilvísun: 20230302938

Umsögn ríkisskattstjóra um frumvarp til laga um breytingu á lögum um tekjuskatt (heimilishjálpar) - þskj. 165, 164. mál; 153. löggj.þ. 2022-2023.

Ríkisskattstjóri móttók þann 10. mars 2023 tölvupóst þar sem embættinu er gefinn kostur á að veita umsögn um ofangreint frumvarp. Með frumvarpinu er lagt til að bætt verði inn í lög nr. 90/2003, um tekjuskatt (tskl.), ákvæði í A-lið 1. mgr. 30. gr. laganna um heimild einstaklinga til að draga frá tekjum sínum útgjöld allt að 1.800.000 kr. vegna heimilishjálpar.

Frumvarp þessa efnis var lagt fram á 151. og 152. löggjafarþingi og veitti ríkisskattstjóri af því tilefni umsögn, dags. 4. desember 2020, sem ítrekast hér með. Til viðbótar þeim ábendingum sem settar voru þar fram þykir ástæða til að vekja athygli á eftirfarandi atriðum:

Ekki kemur fram í frumvarpstextanum sjálfum hvort um einstaklingsbundinn frádrátt er að ræða eða sameiginlegan frádrátt hjóna eða sambúðarfólks. Í greinargerð með frumvarpinu er vísað til þess að um frádráttarbærni frá tekjuskattsstofni einstaklings sé að ræða en ríkisskattstjóri bendir á að mikilvægt er að lagatextinn sjálfur sé almennt afdráttarlaus hvað slík atriði varðar. Í þessu samhengi er sömuleiðis bent á að áhættuþættir leiði óhjákvæmilega af því að engin aldurstakmörk séu tilgreind, annars vegar varðandi það hver getur notið frádráttarins og hins vegar varðandi lágmarksaldur þess sem veitir það vinnuframlag sem teldist grundvöllur frádráttar. Með hliðsjón af eðli þessara starfa, og þess hvar þau eru unnin, þá telur ríkisskattstjóri vert að horfa hvort tveggja til hættu á misnotkun á frádráttarheimild og hættu á mansali, sé ekki miðað við lögræðisaldur.

Þá virðist andlag frádráttar þónokkuð víðtækara en gildir í danskri og sænskri skattframkvæmd. Sem dæmi mætti nefna að í danskri skattframkvæmd heimilast ekki frádráttur vegna sumarbústaða hafi þeir verið í útleigu á árinu. Regla þessi er væntanlega sett til að koma í veg fyrir misnotkun og leiðir til umhugsunar um freistnivanda á öðrum sviðum, s.s. við ræstingu á útleigðu íbúðarhúsnæði. Ennfremur hafa í Danmörku verið settar ítarlegar reglur um hvaða störf geti myndað frádrátt, og þar af leiðandi frádráttarheimildir þess einstaklings sem nýtir sér frádráttinn. Allar greiðslur skulu vera rafrænar. Sá sem innir þjónustuna af hendi má ekki vera búsettur á heimilinu, miðað er við 18 ára aldur og þjónustuveitandi þarf að skila ítarlegri greinargerð um þau verkefni sem innt eru af hendi. Í Svíþjóð skal gerður fyrirfram samningur við fyrirtæki sem veitir frádráttarbæra þjónustu, og sem sækir að loknu verki um greiðslu til skattyfirvalda á þeim hluta reiknings sem varðar frádrátt vegna heimilishjálpar. Verkhættir skulu þar vera nákvæmlega skilgreindir, allar greiðslur skulu vera rafrænar og einstaklingur verður að hafa náð 18 ára aldri til að eiga rétt á frádrætti. Þá er ekki veittur frádráttur vegna vinnu ættingja samkvæmt ítarlegri skilgreiningu.

Vert er að kynna sér skýrslu sænsku ríkisendurskoðunarinnar; RIR 2020 um mat á því hvernig til hefur tekist við þessa framkvæmd.

Ljóst er að breyting á A-lið 1. mgr. 30. gr. ein og sér hrekkur skammt og kveða þyrfti með skýrari hætti á um umgjörð og almenn skilyrði frádráttar af þessum toga, sem auk þess þyrfti að útfæra í reglugerð. Taka þyrfti fram hverjir geta notið skattfrádráttar m.t.t. aldurs og yfirráðaréttar yfir húsnæði, hvort heldur í eigin eigu eða leiguhúsnæði. Afmarka þyrfti með skýrum hætti þá vinnuþætti sem gætu orðið grundvöllur frádráttarheimildar, skjölun og reikningsútgáfu þess sem þjónustuna veitir og hverjir myndu teljast fullgildir veitendur hennar.

Loks er vakin athygli á því að frumvarpið tekur ekki afstöðu til þess, hvort unnt sé að njóta opinberrar fyrirgreiðslu vegna heimilishalds eða annarra þátta á sama tíma og frádráttarheimild er nýtt.

Að öðru leyti vísast til umsagnar ríkisskattstjóra um mál þetta á 151. löggjafarþingi.

Virðingarfyllst,
f.h. ríkisskattstjóra



Helga Valborg Steinarsdóttir



Ingvar J. Rögnvaldsson